

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 800/2020, um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.

1. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem verður 6. mgr. og orðast svo:

Í samráði við ráðherra sem fer með utanríkismál er sóttvarnalækni heimilt, vegna brýnna erindagjörða, að ákveða sérstakt fyrirkomulag um sóttkví, einangrun og sýnatöku fyrir einstaklinga og sendinefndir sem koma til landsins á vegum íslenskra stjórnvalda, starfsmenn sendiskrifstofa og aðra fulltrúa erlendra ríkja, starfsmenn alþjóðastofnana og einstaklinga í boði þeirra sem þurfa að koma til landsins vegna starfsemi þessara stofnana, meðlimi herliðs og starfsmenn sem sinna mannúðaraðstoð og almannavörnum og fjölskyldur allra framangreindra aðila.

2. gr.

Í stað orðanna "er ekki skylt að fara í sýnatöku á landamærum samkvæmt þessari reglugerð" í fyrsta málslíð 4. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar kemur: er ekki skylt að sæta sóttkví skv. 1. mgr. 3. gr.

3. gr.

2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Reglugerð þessi fellur úr gildi þann 1. desember 2020.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er á grundvelli 12., 13. og 18. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, og 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, tekur þegar gildi. Reglugerð þess fellur úr gildi þann 1. desember 2020.

Heilbrigðisráðuneytinu, 5. október 2020.

F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir.

Ásthildur Knútsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.